

48. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

49. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

50. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

51. gr.

Peir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu að jafnaði beiðast þess skriflega. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

52. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 71/1970 um Alþýðubankann h.f. og stofnfundur í bankanum hefur hinn 12. desember 1970 samþykkt, öðlast þegar gildi.

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með sem reglugerð fyrir Alþýðubankann h.f.

Viðskiptaráðuneytið, 29. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvik Gísurarson.

REGLUR

um málflytjendastörf manna í opinberu starfi.

Samkvæmt fyriræmum 23. greinar laga nr. 61 4. júlí 1942 um málflytjendur, og að fengnum tillögum félags hæstaréttar- og héraðsdómslögmannna eru hér með settar eftirfarandi reglur.

1. gr.

Lögfræðingum, sem starfa við embætti dómara, lögreglustjóra, tollstjóra, ríkisskattstjóra, saksóknara ríkisins, eða í stjórnarráði, er óheimilt að stunda málflytjendastarf meðan þeir gegna slíkum störfum. Þetta á þó ekki við um málflytjendur, sem gegna fyrrnefndum störfum um afmarkaðan stuttan tíma eða eru falin dómaraastörf í einstöku máli.

Ákveða má að eins og að ofan greinir skuli fara um málflytjendur, sem gegna öðrum störfum, en að ofan greinir í þjónustu ríkisins, í þjónustu sveitarfélaga eða í þjónustu ríkisbanka.

Ákvörðun um þetta skal þó eigi gerð fyrr en fengin hefur verið umsögn eða tilmæli hlutaðeigandi stofnana og skal gæta samræmis milli hliðstæðra starfa og stofnana.

Sömu reglur og greinir í 1. málsg. þessarar greinar skulu gilda, eftir því, sem við á, um aðra starfsmenn en lögfræðinga, er starfa í þjónustu embætta, sem þar eru talin, að því er varðar heimild til að stunda málflytjendastarf samkvæmt 19. gr. laga nr. 61 1942 um málflytjendur.

2. gr.

Ekki skal ákvörðun um að telja almenn málflytjendastörf ósamrýmanleg opinberu starfi samkvæmt 1. gr. vera því til hindrunar, að lögfræðingar er starfa við þær stofnanir, sem þar eru taldar, annist málflytjendastörf fyrir stofnunina sjálfa.

3. gr.

Þeim lögfræðingum, sem gegna störfum, sem talin eru í 1. mgr. 1. gr. hér að framan, og jafnframt hafa opna sérstaka auglýsta málflytjendastörf, skal eigi heimilt að stunda málflytjendastörf lengur en til 1. janúar 1972, enda gegni þeir þá enn umræddu opinberu starfi. Þeim öðrum, sem gegna slíkum störfum og hafa leyfi til málflytjendastarfs, skal eigi heimilt að stunda málflytjendastörf jafnhliða slíkum störfum lengur en til 1. júlí 1971. Frestir þeir, sem veittir eru samkvæmt þessari málsgrein ná þó ekki til starfsmanna dómstóla að því er varðar málflytning við eigið embætti, sem er óheimill með öllu.

Þegar ákveðið verður samkvæmt 2. málsg. 1. gr. að eigi skuli heimilt að stunda málflytjendastörf jafnhliða störfum, sem þar eru talin, skal setja þeim, sem slík ákvörðun nær til, frest til að láta af málflytjendastörfum í samræmi við ákvæði 1. málsg. þessarar greinar.

Þeim, sem hér eftir taka við störfum, sem talin eru í 1. málsg. 1. gr. hér að framan eða störfum, sem ákvörðun hefur verið tekin um að skuli hlíta sömu reglum, samkvæmt 2. málsg. 1. gr., skal eigi heimilt að stunda málflytjendastörf eftir að þeir hafa tekið við umræddum störfum.

Lögfræðingar, sem fengið hafa eða fá hér eftir leyfi til málflytjendastarfs, samkvæmt lögum nr. 61 1942, en gegna eða taka við opinberu starfi, sem samkvæmt reglum þessum mezt ósamrýmanlegt málflytjendastarf, skulu afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, meðan svo er ástatt.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft þeim, sem samkvæmt 1. gr. er óheimilt að stunda málflytjendastörf, að taka að sér málflytjendastörf í ákveðnu máli, ef sérstök ástæða þykir til og samþykki yfirmanns hlutaðeigandi stofnunar liggur fyrir hverju sinni.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um lögmannsréttindi samkvæmt þessum reglum.

Þetta er hér með öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið, til leiðbeiningar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. febrúar 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.